

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um útbýting 2 búnaðarrita.* — Hið 12
konunglega landbúnaðurfjelag í Kaupmannahöfn hefir sent mjer til útbýtingar á Íslandi 23. jan.
2 danskar ritgjörðir eptir

1. P. Feilberg inspektor um jarðveg og loptslag á Íslandi og eptir
2. Svein búfræðing Sveinsson um landbúnað á Íslandi.

Um leið og jeg get þess, að hjeðan hafi verið sent öllum alþingismönnum sitt exemplar hverjum af þessum riflingum, vil jeg skora á yður, herra amtmaður, að útbýta í yðar umdæmi þeim (s. & v. 30 n. & a. 20) exemplörum, er yður verða send með þessum pósti.

— *Brjef landshöfðingja til biskups um bólusetjarastörf presta.* — Um brjef yðar, 13
herra biskup, frá 7. f. m., þar sem þjer samkvæmt tillögum hjeradsfundar í Norður- 2. febr.
Múlasýslu skjótið því til mín, að gjöra ráðstöfun til þess, að prestar verði losaðir við
þá skyldu, að hafa á hendi bólusetjarastörf í sóknum sínum, hefi jeg meðtekið álit hins
setta landslæknis, og vil jeg nú tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að sökum
strjálbyggðar landsins og víðáttu læknisumdæmanna virðist mjer ekki ráðlegt að leggja
það til, að stjórnin komi fram með frumvarp til laga um breytingu í nefnda átt á
konungsbrjefi frá 24. marz 1830 um bólusetningar.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um 14
samning við ættingja þurfalings.* — Með úrskurði sýslumannsins í Rangárvallasýslu 2. febr.
frá 12. desbr. 1876 var Árni nokkur Sigurðsson úrskurðaður sveitlægur í Austur-Land-
eyjahreppi, og hreppur þessi skyldaður til að greiða hæfilegt meðlag með honum frá
vordögum 1875; en með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 30 septbr. 1879, var þessi
úrskurður úr gildi felldur, og ákveðið, að Árni skyldi eiga framfærzlusveit í Vestur-
Landeyjahreppi. Oddviti hreppsnefndarinnar í síðarnefndum hreppi hefir nú áfrýjað
hingað úrskurði yðar, og vil jeg, eptir að jeg hefi meðtekið þær ítarlegri skýringar og
rjettarpróf um þetta mál, er jeg beiddist 15. septbr. 1880, tjá yður það, er nú segir, til
þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

Um árið 1856 varð Árni, sem þá var 49 ára gamall, sveitarþurfi. Hreppstjór-
inn í Austurlandeyjum, þar sem Árni þá átti vafalausan framfærzlurjett, tók því undir
sig eigur hans, seldi þær á uppboði og ráðstafaði honum sjálfum, en eptir það var
hann brjáladaður, „svo að til vandræða horfði“. Hann átti nú systur, gipta bóndanum á
Ytriðhóli í Vesturlandeyjahreppi Sigurði Sigurðssyni, og með því að helzt var von á, að
Árni myndi una sjer þar, fóru þeir hreppstjórinn í Austurlandeyjahreppi og presturinn
þess á leit, að Sigurður, er bjó við allgóð efni, tæki hann á heimili sitt, og hefir Sig-
urður, er dó áður en skýrsla hans gat orðið eiðfest, borið fyrir rjetti, að hann hafi
gjört það að skilyrði fyrir því, að Árni fengi að vera á Ytriðhól, að hann án tillits til
þess, hve lengi hann dveldi þar, hjeldi framfærzlurjetti sínum í Austurlandeyjahreppi,
og að prestur og hreppstjóri þá hafi lofað, að Austurlandeyjahreppur skyldi taka við
Árna, hvenær sem mágur hans og systir gæfust upp á að halda hann. Um þetta var
ekki gjörður neinn brjeflegur samningur, en 2 menn, sem viðstaddir voru. þá er Árna
var komið fyrir á þennan hátt, hafa fyrir rjetti staðfest framburð Sigurðar um þetta,
og annar þeirra hefir síðan unnið eið að framburði sínum í málinu. Sömu leiðis hefir

14 prestur sá, sem þá var í Landeyjum, staðfest framburð þenna um, hvernig Árna hafi verið
2. febr. komið fyrir á Ytrihól; en hreppstjóri sá, sem með prestinum kom Árna fyrir á Ytri-
hól, var dáinn, þegar mál þetta kom fyrir. Þegar Árni var búinn að vera nokkur ár
hjá mági sínum, virðist hinn síðarnefndi að hafa orðið hræddur um, að Árni gæti, þrátt
fyrir loforð hreppstjórnarinnar í Austurlandeyjahreppi, orðið Vesturlandeyjahreppi að
byrði, og krafði hann því fleirum sinnum hreppstjórana í Austurlandeyjahreppi um
meðlag með Árna, en hreppstjórnarnir í þessum hreppi sinntu ekki þessum kröfum,
þangað til að málið var kært 31. júlí 1875 fyrir sýslumanni, og felldi hann þar eptir
úrskurð þann, er nefndur er í upphafi þessa brjefs.

Jeg er yður, herra amtmaður, samdóma um, að það sje ekki skilyrði fyrir því,
að maður ávinni sjer sveit í öðrum hreppi en fæðingarhreppi sínum, að hann hafi verið
sjálfbjarga allan dvalartímann. Sömluleiðis er jeg, eins og þjer, á því, að skýrslur þær,
sem komið hafa fram um vitsmuni hlutaðeigandi þurfamanns á þeim rúmum 20 árum,
er hann hefir átt heimili á Ytrihól í Vesturlandeyjahreppi, sjeu ekki svo ákveðnar og
skýrar, að á þeim verði byggt það álit, að hann hafi verið vitskertur og ekki fær um
að hafa sjálfur hugmynd um dvalarstað sinn. Þar á móti get jeg ekki orðið yður
samþykkur um, að samningur sá, er gjörður var um dvöl Árna á Ytrihól, geti alls enga
þýðingu haft í þessu máli. Þjer takið fram um þennan samning, að prestur og hrepp-
stjóri í Austurlandeyjahreppi hafi ekki haft rjett til að leggja þá skuldbindingu á sveit
sína, að framfæra Árna án tillits til þess, hvernig hagir hans síðan yrðu, eða til að
losa Vesturlandeyjahrepp undan þeirri skyldu, að framfæra Árna, þó hann ynni sjer þar
sveit. En út á það virðist heldur ekki tjeður samningur að hafa gengið. Hann átti
að eins við dvöl Árna hjá mági sínum, og gat því ekki komið í veg fyrir það, að
Árni, með því að setjast að annarsstaðar í Vesturlandeyjahreppi, áynni sjer þar sveit.
Í 4. grein fátækrareglugjörðarinnar frá 8. janúar 1834 er nú beinlínis lagt fyrir hlutað-
eigandi prest og hreppstjóra að leitast við að koma öðrum ættingjum en foreldrum og
börnum til að framfæra þurfandi ættingja sína, þó þeir sjeu ekki þar til skyldir, og
þar af virðist þá einnig að leiða, að ef skilyrði verði sett fyrir slíkri framfærzlu, geti
hreppstjórnin gengið að þessum skilyrðum, ef hún álitur skilyrðin haganleg fyrir hrepp
sinn. Nú var Árni þegar orðinn hreppsómagi Austurlandeyja, þegar það kom til tals,
að koma honum fyrir á Ytrihól. Það var því brýn þörf á því, að koma honum fyrir
þar, sem hann yrði hreppnum að sem minnstri byrði, og jafnvel hreppsnefnd Austur-
landeyjahrepps hefir ekki getað bent á neina aðra ráðstöfun, er þá hefði getað verið
eins haganleg fyrir hreppinn og sú, er hreppstjórnin gjörði, þegar hún kom Árna fyrir
á Ytrihól. Hin páverandi hreppstjórn virðist því að hafa haft góða ástæðu til að ganga
að þeim skilyrðum, er sett voru fyrir, að Árna yrði veitt viðtaka þar, og er engin
ástæða til nú að fella þann munnlega samning, er um það var gjörður, og sem virðist
hafa verið sannaður á fullnægjandi hátt, úr gildi, og verður hin núverandi hreppsnefnd
í Austurlandeyjahreppi að vera bundin við það, sem prestur og hreppstjóri þá gjörðu
fyrir hönd hreppsins.

Að því leyti sem úrskurður sýslumannsins í Rangárvallasýslu 12. desbr. 1876
ákveður, að Austurlandeyjahreppur skuli vera framfærzluhreppur Árna Sigurðssonar,
skal því úrskurður þessi óraskaður standa; en þar á móti virðist ekki ástæða til, eptir
því sem málið liggur nú fyrir, að ákveða, að Austurlandeyjahreppur skuli greiða meðlag
með Árna frá vordögum 1875. Með því að Vesturlandeyjahreppur er dvalarhreppur
Árna, er hreppsnefndin þar skyld til að leggja honum þann bráðabirgðastyrk, er hann

kynni að þurfa með, og Austurlandeyjahreppur getur að eins verið skyldur að endurgjalda Vesturlandeyjahreppi sveitarstyrk þann, er í raun og veru hefir verið lagður með 2. febr. þurfamanninum. 14

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um fjallvegi. — Samkvæmt tillögum amtsráðsins í brjefi frá 21. desbr. f. á. skal hjer með veitt til vegagjörða á fjallvegum í norður- og austurumdæminu á yfirstandandi ári af 14000 kr. þeim, sem ákveðnar eru í 10. gr. C. 5. a. fjárlaganna, eptirnefndar upphæðir:

a, til að fullgjöra veginn yfir Öxnadalsheiði í Eyjafjarðarsýslu	250 kr.	
b, — vegarins yfir Siglufjarðarskarð í sömu sýslu	700 —	
c, — vegarins yfir Vaðlaheiði:		
1, í Eyjafjarðarsýslu	1000 kr.	
2, í Þingeyjarsýslu	1000 —	2000 —
d, — vegarins á Dimmafjallgarði í Norðurmúlasýslu	500 —	
e, — vegarins yfir Vestdalsheiði í sömu sýslu	1000 —	
f, — sæluhússbyggingar á Mývatnsfjöllum (helmingurinn þetta ár)	1000 —	
svo og samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi frá 2. f. m. til veganna yfir Vatnsskarð og Siglufjarðarskarð í Skagafjarðarsýslu	700 —	
	Alls	6150 —

Enn fremur skulu veittar af þeim 6000 kr., sem ákveðnar eru í 10. gr. C. 5. b. fjárlaganna til að styrkja að helmingi sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðum 2500 —
 Þar af 600 kr. til að gjöra brú yfir Valagilsá, er samkvæmt skýrslu amtsráðsins getur ekki talist með fjallveginum yfir Öxnadalsheiði, en heyrir að öllu leyti til sýsluveganna í Skagafjarðarsýslu.

Með tilliti til 1900 kr. þeirra, sem þá eru eptir, skal það falið amtsráði norður- og austurumdæmisins að skipta þeim milli sýsluvega í norður- og austurumdæminu, er fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í fjárlögunum um þetta efni.

Þegar viðkomandi vegagjörðum er lokið ber að senda hingað reikninga yfir kostnaðinn við þær, svo og skoðunar- og úttektargjörðir á vegunum.

Í sambandi hjer við bið jeg mjer tjáð ummæli amtsráðsins um hjálagða beiðni, er hingað hefir komið frá sýslumanninum í Húnavatassýslu, og þar sem farið er fram á, að veittar verði 3000 kr. til að framhalda vegagjörðinni yfir Grímsunguheiði á yfirstandandi ári. Fylgiskjalið óskast endursent.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um spítalagjald eptir ágústmánaðarlok 1881. — Með brjefi dags. 5. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer fyrirspurn frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, þar er hann beiðist úrskurðar míns um það, hvort hann fyrir sakir ákvarðanarinnar í 9. gr. laga 4. nóvember f. á. um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl. eigi að endurborga spítalagjald það, sem hann annaðhvort hefir inn heimt í peningum, eða sem áreiðanlegir menn hafa gengið í ábyrgð fyrir, að greitt yrði af síldveiðimönnum þeim, er veiði hafa rekið í hreppum nefndrar sýslu, en átt þar eigi sjálfir heima, af afla þeim, er þeir hafa fengið eptir ágústmánaðarlok árið, sem leið. 16

Út af þessu tjái jeg yður nú, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar